



---

# Fundargerð stjórnar HSÍ

Miðvikudaginn 21. mars 2018



## **Þrettándi fundur 60. stjórnar HSÍ var haldinn í fundarsal HSÍ, Íþróttamiðstöðinni Laugardal, miðvikudaginn 21. mars 2018 kl.12.00**

Mættir voru: , Davíð B. Gíslason, Guðríður Guðjónsdóttir, Hjalti Þór Hreinsson, Hjördís Guðmundsdóttir, Karl Daníelsson og Þorbergur Aðalsteinsson. Róbert Geir Gíslason, framkvæmdarstóri HSÍ sat fundinn og ritaði fundargerð.

Forföll: Arnar Þorkelsson, Guðjón L. Sigurðsson, Guðmundur B. Ólafsson og Jakob Sigurðsson.

Fjarverandi: Enginn

### **Þetta gerðist:**

1. Fundargerð síðasta fundar lögð fram til samþykktar  
Fundargerð síðasta fundar var samþykkt.
2. Bréf frá Akureyri varðandi ákvörðun mótanefndar  
RG, DBG og HH röktu forsendur málsins. Stjórn HSÍ telur ekki ástæðu til þess að breyta niðurstöðu mótanefndar enda er niðurstaðan í samræmi við orðalag og tilgang tilvísaðs ákvæðis reglugerðar HSÍ um handknattleiksmót. Jafnframt nýttu aðilar sér ekki kærueimildir til dómstóls HSÍ. Stjórn HSÍ vísar því hins vegar til laganeftardar að yfirfara orðalag reglugerðar.
3. Mótamál  
Stjórn HSÍ staðfestir og bókar neðangreindar ákvarðanir.
  - a. Stjórn HSÍ áréttar að gefnu tilefni fyrri ákvörðun sína um fyrirkomulag 2.deildar karla skv. 22. gr reglugerðar HSÍ um handknattleiksmót. Ákveðið var af stjórn HSÍ í upphafi keppnistímabils að 2 lið skyldu falla úr 1. deild karla og 2 lið skyldu fara beint upp úr 2. deild karla. Ekki verður leikið umspil um laus sæti.
  - b. Þar sem ekki var leikin deildarbikarkeppni í vetur telur stjórn HSÍ að Evrópusæti, sem deildarbikarmeistarar hefðu hlotið, skulu færast yfir á efsta lið deildarkeppninnar sem ekki hefur unnið sér inn sæti í Evrópukeppnum í samræmi við 4.tl. lokakafla 22. gr reglugerðar HSÍ um handknattleiksmót.
4. Ársþing HSÍ  
Ársþing HSÍ verður haldið laugardaginn 28. apríl nk. Umræður eru um það innan hreyfingarinnar um að breyta stjórnarkjöri. Stjórn HSÍ vísar því til laganeftardar að koma með tillögu til stjórnar um mögulegar breytingar frá og með árinu 2019.  
*Á síðasta ársþingi HSÍ var samþykkt breyting 5. mgr. 9. gr. laga HSÍ á afleiðingum vanskila félaga við HSÍ og samhljómur var á ársþinginu með félögum að nýju ákvæði yrði fylgt strangt eftir frá og með næsta ársþingi. Stjórn HSÍ vill því ítreka að farið verður eftir þessu ákvæði á næsta ársþingi og áfram: "Á handknattleiksþingi hafa aðeins þingfulltrúar atkvæðisrétt og eingöngu fulltrúar aðildarfélaga og sambandsaðila sem ekki eru í vanskilum við HSÍ."*
5. Staða fjármála og styrktarsamninga  
Talsvert tap var á árinu 2017. Staða fjármála hefur lagast og hefur verið gengið frá 4 styrktarsamningum síðustu daga.
6. Önnur mál

Næsti fundur stjórnar HSÍ er miðvikudaginn 11. apríl kl.12.00.

Fleira var ekki gert og var fundi slitið.

Róbert Geir Gíslason, fundarritari